

# MEGIN

# STOÐ

BLAÐ MS-FÉLAGS ÍSLANDS

1. tbl. 2009 26. árg.



world**MS**day

27 MAY 2009

# Efnisyfirlit

Stöndum vaktina saman. . . . .	3
Frá formanni . . . . .	3
Tysabri – könnun. . . . .	4
Ísland leggur línurnar fyrir Evrópu. . . . .	10
Verðþróun MS-lyfja . . . . .	13
Aukaverkanir MS-lyfja . . . . .	14
MS MS. . . . .	16
Af köttum, Þjakki og Tysabri	18
Námskeið. . . . .	19
Tímamótasamningur við Svölnur. . . . .	20
Listsýningar í Endurhæfingarmiðstöð MS . . . . .	22



MS FÉLAG ÍSLANDS

## MeginStoð

1. tbl. 2009, 26. árg.  
ISSN 1670-2700

### Útgefandi:

MS-félag Íslands,  
Sléttuvegi 5,  
sími 568 8620, fax: 568 8621  
netfang: msfelag@msfelag.is,  
heimasíða: msfelag.is

### Ábyrgðarmaður:

Sigurbjörg Ármannsdóttir

### Ritstjóri:

Páll Kristinn Pálsson

### Auglýsingar:

Öflun ehf.

### Umbrot og prentun:

Prentmet ehf.



Forsíðumyndina tók Páll Stefánsson.

# Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka

MS-félagið tekur þátt í áheita-söfnun Reykjavíkumaraþons Íslandsbanka, sem fram fer þann 22. ágúst 2009. Búið er að opna fyrir skráningar og áheitasöfnun á [www.marathon.is](http://www.marathon.is).

Starfsmenn MS-félagsins, þær Berglind Ólafsdóttir og Ingdís Líndal, ætla að taka áskoruninni sem felst í áheitasöfnuninni og hafa skráð sig í 10 km. hlaupið. „Við skorum á félagsmenn og velunnara félagsins að taka þátt, annað hvort með því að hlaupa sjálfir eða heita á hlaupara sem hlaupa í þágu félagsins,“ segja þær stöllur sem eru þegar farnar að æfa sig fyrir maraþonið.



Ingdís og Berglind ætla að hlaupa 10 kílómetra.

## VISA styrkir MS-félagið



MS-félag Íslands var meðal tólf aðila sem á dögnum fengu úthlutað úr Menningarsjóði VISA og nam upphæðin einni milljón króna. Þetta er 13da árið sem úthlutað er úr sjóðnum og hafa alls verið veittir 104 styrkir, flestir til menningarmála.

## Flatkökur fyrir MS-félagið

Síðastliðna viku hafa tíu krónur af verði hvers flatkökupakka frá Ömmubakstri og Gæðabakstri verið ánaðnar MS-félaginu. Er flatkökusalan ekki bundin við tiltekna verslanir heldur alla sölu á Íslandi dagana 21. – 27. maí., og verður afraksturinn afhentur á samkomu í MS-heimilinu að Sléttuvegi 5 í tilefni af alþjóðlegum degi MS-félaga. Svo vonandi hefur flatkökuæði runnið á landsmenn þessa daga.





# Stöndum vaktina saman

Þetta mun vera í fyrsta sinn að alþjóðlegi MS-dagurinn er haldinn hér á landi. Markmiðið er að efla vitund almennings um sjúkdóminn. Íslenska MS-félagið hefur stundað öfluga starfsemi, staðið fyrir fræðslu, veitt félagsmönnum margvíslega aðstoð með beinum og óbeinum hætti og síðast en ekki síst verið samstarfs- og samstöðuvettvangur fyrir þá sem haldnir eru MS-sjúkdómnum og aðstandendur þeirra til að koma saman til samræðu og gagnkvæms stuðnings.

MS-sjúkdómurinn og úrræði læknisfræðinnar til þess að taka á honum, svo og heilbrigðiskerfisins almennt, hefur verið nokkuð til umræðu á opinberum vettvangi á undanförunum vikum. Ég hef átt ágæta fundi með forsvarsfólki félagsins og læknum og fengið að



Ögmundur Jónasson

kynnast af hve mikilli einurð og í senn fagmennsku málstað MS-sjúklinga er haldið fram gagnvart heilbrigðiskerfinu. Ég leyfi mér að fullvissa alla hlutaðeighandi um vilja heilbrigðiskerfisins til þess að gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að veita fólki sem haldið er MS-sjúkdómnum alla þá lækningu

og aðhlyningu sem kostur er. Framhald verður á samræðu minni við stjórn MS-félagsins um þetta efni.

Sem betur fer hafa orðið miklar og örur framfarir í læknavísindum sem meðal annars gera viðureiginina við þennan sjúkdóm auðveldari viðfangs. Þetta er fagnaðarefni en breytir ekki hinu að þeir sem eiga við sjúkdóminn að stríða þurfa á öllum þeim styrk að halda sem samfélagið getur veitt.

Megi alþjóðlegi MS-dagurinn verða til þess að bæta skilning á sjúkdómnum og örva okkur öll til að standa vaktina með þeim sem sjúkdóminn hrjá og aðstandendum þeirra.

*Ögmundur Jónasson,  
heilbrigðisráðherra*

## Frá formanni

Ágætu félagar.

Meginefni vorblaðsins okkar fjallar að þessu sinni um lyfið Tysabri, ýmsar gagnlegar upplýsingar um það og ekki síst athyglisverða könnun, sem félagið stóð að meðal hátt á þriðja tug lyfþega.

Eins og lesendum er kunnugt hefur helsta baráttumál félagsins í nær tvö ár verið að þeir sem hugsanlega hefðu gagn af lyfinu fái það, en takmarkið er langt í frá í sjónmáli. Um 50 sjúklingar eru nú í meðferð, því miður eru margir á biðlista, og sú staðreynd að það er skammtað og fólk bíður í óvissu um hvort eða hvenær það fær þessa meðferð er með öllu óviðunandi. Á meðan það ástand varir munum við öll beita okkur af alefli til þess að snúa málum okkur í hag.

Ástæða þess að við berjumst svo hart fyrir lyfinu er, að um tímamóta lyf er að ræða, en virkni þess byggir á þekkingu á hegðun sjúkdómsins og virkni þess er langt umfram önnur lyf.



Sigurbjörg Ármannsdóttir.

Ég minni á, að í lögum um réttindi sjúklinga frá 1997, 3. grein segir: „Sjúklingur á rétt á fullkornustu heilbrigðisþjónustu, sem á hverjum tíma er völ á að veita.“ Í þessu felst, að það er því miður verið að brjóta á mörgum okkur. Sagan endurtekur sig því þetta er í reynd sama staða og kom upp þegar eldri lyfin komu á markað um 1993 eins og mörg okkar muna.

Við sem þekkjum MS-sjúkdóminn af eigin reynslu og afleiðingar hans á eigin skinni vitum að MS er grafalvarlegur sjúkdómur, sem smám saman dregur úr þreki og getu okkar

til starfs og náms og þátttöku í lífi og leik. Sjúkdómurinn er ekki banvænn né smitandi, ekki arfgengur og okkur blæðir ekki í bókstaflegri merkingu. Það er engu líkara en að þessar staðreyndir séu þess valdandi að lög eru brotin á mörgum okkur og ekki er gripið til bestu úrræða við meðhöndlun sjúkdómsins.

Það er óhætt að segja, að MS-sjúkdómurinn sé sjúkdómur ungs fólks, því rannsóknir sýna að 75% sjúklinga greinast fyrir 35 ára aldur. Allir geta séð hversu erfitt og þungbært það er fyrir einstaklingana og fjölskyldur þeirra. Allt í einu er lífið gjörbreytt og allar fyrri forsendur um líf og starf eru í uppnámi. Er það ekki skylda okkar sem siðaðs og auðugs velferðarþjóðfélags að gera allt sem í mannlegu valdi stendur til þess að draga úr áhrifum þessa áfalls með fullkornustu meðferðarúrræðum, sem völ er á?

Ég er þess fullviss að íslensk þjóð telur sér ekki annað sæmandi.

Með baráttu- og sumarkveðjum,  
*Sigurbjörg Ármannsdóttir*

# Tysabri – könnun meðal notenda

Samantekt: Bergþóra Bergsdóttir

Mikil umræða hefur verið innan MS-samfélagsins á undanförunum misserum um lyf við MS-sjúkdómnum og þá sérstaklega nýjungar á þeim vettvangi. Því miður eru enn ekki til lyf sem lækna hann en nýjasta fyrirbyggjandi lyfið á markaði, kröftugra en fyrri lyf, er Tysabri sem margir binda vonir sínar við. Lyfið er gefið í æð á fjögurra vikna fresti og hefur reynst langflestum er það taka mjög vel. Lífsgæði fólks hafa aukist og margir finna fyrir jákvæðum breytingum þótt lyfið sé einungis fyrirbyggjandi.



Tysabri var fyrst gefið á Íslandi í janúar 2008 og því eru allmargir sjúklingar sem hafa verið á því í meira en ár. Það eru þó því miður mjög margir sem bíða enn á milli vonar og ótta hvort þeir fái lyfið eða hvort það henti þeim. Af um 380 MS-sjúklingum hér á landi eru um 130 MS-sjúklingar nú á einhverskonar fyrirbyggjandi meðferð, þar af eru 43 á Tysabri. Til viðbótar eru 4 sem hafa hafið meðferð en þurft að hætta á lyfinu vegna ofnæmisviðbragða, mótefnamyndunar eða Tysabri hefur ekki gagnast sem skyldi. Gera má ráð fyrir að einhverjum MS-sjúklingum finnist eldri lyf gagnast það vel að þeir telji ekki þörf á að skipta um lyfjategund. Á móti koma einstaklingar sem taka engin fyrirbyggjandi lyf, m.a. vegna þess að þeir hafa neyðst til að hætta á þeim vegna aukaverkana, en myndu gjarnan vilja prófa Tysabri ef það stæði til boða. Sem betur fer eru þeir til sem ekki þurfa á neinni lyfjagjöf að halda þar sem sjúkdómurinn er ekki það virkur að þess þurfi.



Bergþóra Bergsdóttir

Ekki hefur verið kortlagt með nákvæmni hversu margir gætu haft gagn af Tysabri hér á landi miðað við klínískar leiðbeiningar framleiðanda en gróflega áætlað gætu þeir verið um 130-150 hér á landi. Það er því á engan hátt óframkvæmanlegt að allir sem gagn geta haft af lyfinu komist fljótlega á það. Verkefnið er ekki stórt.

## Viðhorf heilbrigðisyfirvalda

Í upphafi meðferðar hérlendis í byrjun síðasta árs kom fram að ákveðið hefði verið að 50 sjúklingar fengju

lyfið á því ári. Nú í maí 2009 eru þó aðeins 43 á lyfinu.

Íslensk heilbrigðisyfirvöld hafa bent á að Ísland sé fremst í flokki meðal annarra þjóða hvað varðar notkun Tysabri miðað við höfðatölu. Þótt svo sé eru það síður en svo haldbær rök fyrir því að hægja ferðina þegar ávinningur af notkun þess er hafður í huga. Heilbrigðisyfirvöld hafa einnig nefnt ýmsar ástæður fyrir því að markmiði síðasta árs hafi enn ekki verið náð, m.a. hættulegar aukaverkanir, kostnað og aðstöðuleysi. Þau hræðast gagnrýni fyrir glannaskap með fjölda sjúklinga á nýrri lyfja-

meðferð sem ekki hefur fengið sömu reynslu og önnur lyf. Einnig að fara út fyrir klínískar leiðbeiningar framleiðenda eða fara of hratt í fjölda sjúklinga í meðferð, t.d. miðað við aðrar þjóðir, ef svo illa færi að alvarlegar aukaverkanir kæmu upp hér á landi. Heilbrigðisyfirvöld benda á að stutt sé síðan notkun Tysabri hafi hafist. Þar sem möguleg áhætta af notkun lyfja sé ekki að fullu þekkt þegar þau koma fyrst á markað og öryggi við langtímanotkun liggja ekki fyrir, þá vilji þau gæta fyllstu varúðar fyrstu árin sem lyfið er í notkun.

Það er eðlilegt að virða þessar skoðanir heilbrigðisyfirvalda en þó verður að veга og meta áhættu lyfsins á móti gagnsemi þess þegar önnur sambærileg lyf eru ekki í boði. Því má einnig velta fyrir sér, ef heilbrigðisyfirvöld meta áhættuna svona mikla, af hverju þessir 47 sem hafa byrjað á lyfinu voru settir á það. Hvað aðskilur þessa einstaklinga frá öðrum og hvað réttlætir að þeir fái lyfið en aðrir ekki?



## HELSTU EINKENNI PML

Einkenni PML-heilabólgu geta verið svipuð MS-kasti. • Ef þú telur að MS-sjúkdómurinn sé að versna, eða ef þú tekur eftir nýjum einkennum, er mikilvægt að tala við lækni einn fljótt og auðið er. • Ræddu meðferð þína við maka þinn eða umönnunaraðila. Þessir aðilar kunna að sjá ný einkenni sem þú tekur ef til vill ekki eftir, t.d. breytingar á skaplyndi eða hegðun, minnisglöp, erfiðleika við tal og samskipti, sem lækni þinn gæti þurft að rannsaka frekar til þess að útiloka PML-heilabólgu. • Sýndu sérhverjum lækni sem kemur að meðferð þinni viðvörðunarkortið (afhent af lækni við ákvörðun um meðferð) og fylgiseðilinn, en ekki einungis taugasérfræðingnum.

heimild: Lyfjastofnun

## Áhætta af meðferð

Eins og áður hefur komið fram í umræðunni er Tysabri ekki hættulaust. Alvarlegasta aukaverkun lyfsins er svokölluð ágeng fjölhreidra innlyksuheilabólga, skamstafað PML á alþjóðavísu. Það er sjúkdómur sem í versta falli getur leitt til dauða en það þarf þó ekki að vera eins og reynslan sýnir. Mjög mikilvægt er að sjúklingar séu meðvitaðir um einkenni þannig að hægt sé að bregðast við í tíma ef sýking kemur upp (*sjá ramma-grein hér eftir á síðunni*).

Áður en sjúklingar eru settir á Tysabri fá þeir fræðslu um PML, helstu einkenni og mögulegar afleiðingar. MS-sjúklingum er því ljós áhættan en margir þeirra meta það sem svo að hún vegi fyllilega upp mögulegan ávinning af lyfinu. Endanleg ákvörðun um hvaða áhættu sjúklingur er tilbúinn að taka hlýtur að vera hans. Áhættan við að fá PML hefur enn sem komið er reynst langt undir uppgefnum áhættuviðmiðunum sem er 1:1.000. Frá því að lyfið var markaðsett í Evrópu og Bandaríkjunum sumarið 2006 hafa 6 PML-tilfelli verið tilkynnt, þar af leiddi eitt til dauða. Öll PML-tilfelli hafa komið upp frá sl. sumri og eiga þeir sjúklingar það sameiginlegt að hafa verið á Tysabri í 12-25 mánuði. Engin tilfelli PML hafa greinst á Íslandi. Fjöldi Tysabri-þega í heiminum er nú rúmlega 50.000. Reynslan til þessa sýnir því að áhættan við að fá PML er 1:8.500. Ekki er óeðlilegt að PML-tilfellum fjölgi samfara fjölgun notenda.

Það hefur enda sýnt sig að þrátt fyrir þessi 6 PML-tilfelli hafa lyfjaeftirlit í Evrópu og Bandaríkjunum ákveðið að taka lyfið ekki af markaði þar sem kostir þess eru taldir vega meira en áhættan. Eftirlitsstofnanir fylgjast að sjálfsögðu vel með þróuninni.

Segja má að MS-sjúklingar geri sér fyllilega grein fyrir því að lífinu fylgja ýmsar áhættur sem geta komið úr óvæntum áttum. Þær er því víðar að finna en í Tysabri-meðferð. Öllum lyfjum fylgir einhver áhætta og eru eldri MS-lyf til dæmis á engan hátt óþæginda- og áhættalaus (sjá bls. 14). Í Tysabri-meðferð er sjúklingur undir stöðugu eftirliti heilbrigðisstarfsfólks en í öðrum MS-meðferðum þarf sjúklingur að treysta á sjálfan sig og eftirlitið er ekki jafn gott.

Þeir MS-sjúklingar, sem geta hugsað sér Tysabri eða eru þegar á því, eru hvattir til að kynna sér vandlega upplýsingar sem fram koma í fylgiseðli lyfsins sem m.a. má nálgast á vef Lyfjastofnunar. Upplýsingar eru uppfærðar þar eftir því sem þekking á lyfinu eykst.

## Ávinningur og kostnaður

Háværar kröfur hafa verið innan MS-samfélagsins um að allir þeir sem hugsanlega geti haft gagn af Tysabri fái það og það sem fyrst. Tíminn er ekki besti vinur MS-sjúklinga og því lengur sem það dregst að fá lyfið þeim mun meiri hætta er á fötlun af einhverju tagi.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um hversu þjáningarfyllt andlega og líkamlega það er að fatlast, fyrir utan kostnað samfélagsins því samfara. Því er villandi að tala um að Tysabri sé svo dýrt að þjóðfélagið hafi ekki ráð á að setja MS-sjúklinga á það nema að reyna önnur og ódýrari lyf fyrst.

Tysabri er nú innan við helmingi dýrara en eldri lyf (sjá bls. 13). Ef litið er til þess að klínískar rannsóknir benda til 70-80% virkni af Tysabri fyrir þá sem lyfið gagnast á móti 30-35% virkni eldri lyfja, er erfitt að skilja þau rök. Dýrast er að gefa lyf með litla gagnsemi

og því má heldur ekki gleyma þegar talað er um kostnað við Tysabri að í mörgum tilfellum eru sjúklingar á öðrum lyfjum sem þeir hætta á þegar Tysabri-meðferð hefst. Því er nær að tala um kostnaðarauka af notkun Tysabri. Það má heldur ekki gleyma að horfa á heildarmyndina því að fleiri þjóðfélagsþætti og framtíðarkostnað þarf að draga inn í kostnaðarjöfnuna. Nefna má færri innlagnir og þörf fyrir stoðþjónustu, færri hjálpartæki og aukin lífsgæði og tækifæri í leik og starfi fyrir sjúkling og fjölskyldu hans.

MS-samfélagið telur eðlilegra að leyfa sjúklingum að njóta vafans og setja þá strax á besta lyfið sem völ er á til að hægja sem fyrst á versnuninni í stað þess að gefa eldri lyf upp á von og óvon um virkni og leggja þjáningar á sjúklinga með erfiðum aukaverkunum.

## Aðstaða

Aðstöðuleysi hefur einnig verið nefnt sem ástæða fyrir því hversu hægt er farið. Það er loks nú sem farið er að gefa lyfið utan dagdeildar taugadeildar LSH, og er það vel, en lyfjagjöf hófst á Akureyri nú í vor.

Rétt er að vekja athygli á að mikill kostnaður, óþægindi og jafnvel vinnutap fylgja ferðum sjúklinga og aðstoðarmanna þeirra utan af landi til Reykjavíkur.

## Gagnsæi

Sökum smæðar íslensks samfélags og nándar MS-sjúklinga er nauðsynlegt að gagnsæi sé til staðar við val á þeim sjúklingum sem fá Tysabri. MS-sjúklingar, sem lyfið er talið gagnast, eru ekki margir hér á landi og vita hver af öðrum. Því er erfitt að draga fólk í dilka án þess að eftir því sé tekið. Allir þeir, sem telja sig falla undir skilgreiningu framleiðanda Tysabri um hverjum lyfið getur gagnast og ekki hafa enn fengið jákvætt svar, skilja illa hvers vegna aðrir eru valdir á undan.

Þegar gagnsæi vantar komast á kreik sögusagnir um mismunun af ýmsum toga. Innan MS-samfélagsins, þar sem svo mikið er í húfi, er erfitt að samgledjast öðrum sem hlotið hafa vinninginn í „heilsuhappdrætti“ Tysabri. Það er því nauðsynlegt að taka af allan vafa um hvort og þá hvenær MS-sjúklingar, sem sótt hefur verið um Tysabri fyrir, fái lyfið þar sem öll óvissa og andlegt álag hefur mjög neikvæð áhrif á sjúkdóminn.

Það er einnig mikilvægt fyrir MS-sjúklinga að vita að þótt þeir hafi fengið neitun einhvern tíma sé ekki útilokað að þeir geti notað lyfið síðar meir. Bæði geta viðmið framleiðanda breyst með meiri notkun og reynslu af lyfinu en einnig getur sjúkdómsferill einstaklinga breyst. Það er því um að gera að fylgjast vel með, skrá

reglulega öll einkenni og vera í góðu og stöðugu sambandi við taugalækni.

## Könnun

Ákveðið var nú í vor að gera könnun á meðal Tysabriþega um hvort breytingar hafi orðið á líðan og daglegu lífi þeirra við lyfjagjöfina. Óformleg símakönnun var gerð í apríl og maí. Hringt var í þá sem félaginu var formlega kunnugt um að væru á Tysabri og þeir spurðir hvort þeir vildu taka þátt í símakönnun um Tysabri. Allir sem hringt var í, 29 að tölu, tóku góðfúslega þátt og birtast niðurstöður hennar hér.

## Niðurstaða könnunar

Langflestir aðspurðra, eða 26 manns, lýsa sjúkdómi sínum sem köstum með endurbata á milli og þar af eru 5 sem telja sjúkdóm sinn einkennast einnig af síðari síversnun. Einn er eingöngu með síðari síversnun og tveir með síversnun frá byrjun. Rúm 72% aðspurðra eru eldri en 40 ára og um 72% þátttakenda eru konur. MS-sjúkdómurinn er enda algengari meðal kvenna um tvo þriðjuhluta. Rúmlega helmingur aðspurðra eru konur yfir fertugt.

Langflestir búa á höfuðborgarsvæðinu en fimm úti á landi. Ekki eru til upplýsingar um dreifingu MS-sjúklinga á landsvísi en gera má ráð fyrir að einhverjir hafi flutt úr dreifbýlinu á höfuðborgarsvæðið vegna sjúkdóms síns.

Aðeins 2 af 29 voru ekki á fyrirbyggjandi meðferð áður en þeir hófu Tysabri-meðferð og er það í takt við klínískar leiðbeiningar um að reyna skuli aðra meðferð áður en reynd er meðferð með Tysabri. Þeir sem voru á fyrirbyggjandi voru aðallega á Rebif, þá Copaxone, Avonex og Interferon Beta. 15 höfðu reynt eina lyfjategund af þessum fjórum, 10 höfðu reynt tvær tegundir og tveir höfðu reynt þrjár lyfjategundir áður en Tysabri-meðferð hófst. Þessir tveir einstaklingar eru báðir enn á Tysabri og hafa verið á annað ár. Þeir segjast hafa fundið mjög jákvæðar breytingar eftir að þeir fóru á lyfið og telja margt til.

Flestir aðspurðra, eða um 76%, höfðu fundið fyrir einni eða fleiri aukaverkunum af eldri lyfjum. Algengastar voru flensueinkenni og hiti en einnig ofnæmi, beinverkir, andnað, hraðari hjartsláttur, martraðir, þunglyndi, þunglyndi með sjálfsvígseinkennum, eymsli, verkir og ýmis einkenni frá húð. Einnig versnun sjúkdómsins þrátt fyrir lyf. Þetta eru aukaverkanir sem sumir upplifðu daglega en aðrir tímabundið.



## KLÍNÍSKAR LEIÐBEININGAR UM VAL Á SJÚKLINGUM SEM HAFA GAGN AF TYSABRI-MEÐFERÐ

### Lyfið Tysabri er einungis viðurkennt til notkunar handa nánar skilgreindum hópi sjúklinga:

• Sjúklingum sem ekki hafa svarað heilli eða fullnægjandi meðferðarlotu með beta-interferóni. Sjúklingar ættu að hafa fengið a.m.k. 1 kast á undangengnu ári meðan þeir hlutu meðferð og vera með a.m.k. 9 segulskærar meinsemdir á T2 við segulómun (MRI) á höfði eða a.m.k. 1 meinsemd sem hleður upp gadólíníum. • Sjúklingum með alvarlegan MS-sjúkdóm með köstum og bata á milli sem versnar hratt og markast af 2 eða fleirum köstum sem valda fötlun á einu ári og með 1 eða fleiri meinsemdir sem hlaða upp gadólíníum við segulómun á höfði eða marktæka aukningu á hleðslu meinsemdar á T2 samanborið við segulómun sem gerð er stuttu áður.

**Ekki má nota Tysabri:** • Ef þú ert með ofnæmi fyrir natalízúmabi eða einhverju öðru innihaldsefni TYSABRI. • Ef læknirinn hefur sagt þér að þú sért með PML-heilabólgu. • Ef læknirinn segir að þú eigir við alvarlegt vandamál að stríða í ónæmiskerfinu. • Ef þú ert að taka lyf sem má ekki nota með TYSABRI. • Ef þú ert með krabbamein nema um sé að ræða gerð af húðkrabbameini sem nefnist grunnfrumukrabbamein. • Ef þú ert undir 18 ára aldri. (Ekki er mælt með notkun lyfsins handa sjúklingum eldri en 65 ára)

heimild: Lyfjastofnun

Svarendur hafa verið mismengi á lyfinu. Sex hafa verið á lyfinu í allt að hálf ár, 9 í allt að ár og 14 í allt að hálf ári. Einn hefur hætt Tysabri-meðferð, a.m.k. tímabundið að sögn, en viðkomandi myndaði mótefni gegn lyfinu.

Þegar líkaminn myndar mótefni virkar lyfið ekki á viðkomandi, þ.e. mótefni vinna gegn áhrifum lyfsins. Tysabri-þegar fara í blóðprufur og mótefnamælingar á 3., 6. og 12. mánuði meðferðar. Ef mótefnamæling er jákvæð, þ.e. líkur benda til mótefnamyndunar, er önnur mótefnamæling framkvæmd 6 vikum síðar. Tvær jákvæðar mótefnamælingar þarf til að sjúklingur sé látinn hætta meðferð.

Fjórir hafa einhvern tímann á meðferðartímanum hætt meðferð tímabundið, þar af hefur einn verið látinn hætta lyfjameðferð, eins og fyrr segir frá. Einn svarenda fékk jákvæða mótefnamælingu og hætti á lyfinu en var settur á það aftur þegar mótefnamyndun mældist ekki aftur. Tveir svarenda hættu tímabundið vegna veikinda.

Til að gæta fyllsta öryggis er Tysabri-gjöf frestað ef Tysabri-þegi er með sýkingu, slæma pest eða kvef sem hefur áhrif á heilsu eða líðan hans.

Fjórir, eða tæp 14% aðspurðra, hafa fundið fyrir aukaverkunum af Tysabri og er þeim lýst sem almennum óþægindum í upphafi meðferðar sem ekki eru lengur til staðar, svima í byrjun inngjafar lyfsins og höfuð-

verk í tvo daga eftir tvær fyrstu meðferðirnar. Allir þessir aðilar eru enn í meðferð. Tveir af þeim segjast finna fyrir mjög miklum jákvæðum breytingum á úthaldi, þreytu, hreyfanleika, jafnvægi og andlegri líðan, auk þess sem annar kemst nú af með minna af hjálpartækjum en áður og hinn stundar nú fulla vinnu aftur. Hinir tveir segjast hafa fundið fyrir jákvæðum breytingum eftir að þeir hófu meðferð á Tysabri og nefna báðir aukið úthald, minni þreytu og betri andlegri líðan en að auki nefnir annar einnig meiri hreyfanleika.

Yfirgnæfandi meirihluti aðspurðra, eða 93%, hafa fundið fyrir jákvæðum breytingum, þ.a. eru 63% sem telja sig hafa fundið miklar jákvæðar breytingar. Þessum jákvæðu breytingum er helst lýst í auknu úthaldi, minni þreytu og syfju, meiri hreyfanleika og auknu jafnvægi en einnig betri andlegri líðan. Þá komast þrír svarendur nú af hjálpartækja sem þeir notuðu áður og níu segjast nú nota minna af hjálpartækjum en áður. Einnig segja svarendur frá því að hugarstarfsemi og minni þeirra sé betra, þeir þoli betur áreiti og andlegt álag, hafi meiri orku fyrir fjölskylduna, heimili og vinnu, hafi ekki fengið kast síðan meðferð hófst jafnvel þrátt fyrir mikið álag, hræðsluþættir og bráðaþvagleki hafi minnkað, taugaverkir hafi horfið, jákvæðni aukist og minni aðstoðar sé nú þörf. Einn lýsir breytingunni sem hann hafi verið settur í samband. Annar segist hafa hafið



Hús MS-félags Íslands að Sléttuvegi 5, Reykjavík.

fulla vinnu aftur, annar að hann geti nú nánast allt eins og heilbrigð manneskja og tveir orðuðu það einfaldlega svo að líf þeirra hefði hafist að nýju þegar þeir hófu meðferð með Tysabri.

Einn svarenda, sem segist finna jákvæðar breytingar hjá sér, finnur fyrir minni þreytu en finnur þó einnig fyrir skertu jafnvægi og einkennum frá baki og mjöðm. Hann er búinn að vera mjög stutt á Tysabri.

Einn svarandi finnur ekki miklar breytingar eftir að hafa verið á Tysabri-meðferð í um hálf t. Hann er þó enn í meðferð og segist finna fyrir auknu úthaldi, minni þreytu, auknu jafnvægi og betri andlegri líðan eftir að hafa hafið meðferðina.

Það er hins vegar einn sem segir sig vera verri nú en áður. Hann er þó enn í meðferð og hefur verið í rúmt ár. Hann finnur fyrir meiri þreytu og minni hreyfanleika.

Rúm 72% hafa ekki fengið kast síðan þeir byrjuðu í Tysabri-meðferð en tæp 28% hafa fengið eitt eða fleiri köst. Einn hefur fengið þrjú köst, líklega vegna veikinda, og hefur hann nú hætt meðferð, a.m.k. tímabundið,

tveir hafa fengið tvö köst en fimm eitt kast. Þeir, sem hafa fengið tvö köst, hafa verið í rúmt ár í meðferð og nefnir annar þeirra að köstin hafi verið 4 til 5 á ári áður en hann fór á Tysabri. Því er um að ræða umtalsverða breytingu til batnaðar hjá viðkomandi.

Fjórir telja enga breytingu hafa orðið á köstum frá því fyrir meðferð en þrír telja að kastið sem þeir hafa fengið á meðan meðferð hefur staðið hafi verið mildara en áður. Einn af þeim nefnir að kastið hafi staðið yfir í tæpan sólarhring og enngar steragjafar hafi verið þörf og slíku hafi hann aldrei kynnst áður.

Fimm hafa farið í alls 8 sterameðferðir meðan á Tysabri-meðferð hefur staðið vegna kasta. Einn þeirra hefur farið þrisvar. Þrjár kastasjúklingar hafa ekki þurft á sterameðferð að halda.

Einn svarenda hefur fengið nýtt hjálpartæki eftir að hann hóf meðferð en hann segir það hafa verið löngu tímabært og ekki komið Tysabri-meðferð við. Hann hefur verið á lyfinu í rúmt ár og telur sig hafa fundið fyrir jákvæðum breytingum með Tysabri.



Fimm hafa lagst inn á sjúkrastofnun eða hjúkrunarheimili á meðferðartímanum, flestir til endurhæfingar.

Fjórir svarenda eru nú í fullri vinnu og sjö í hlutastarfi. Tveir eru í fullu námi og tveir í hlutanámi. Fimm stunda ekki nám né vinnu og níu eru heimavinnandi.

Yfirgnæfandi meirihluti telur að Tysabri hafi aukið starfs- eða námsgetu sína og gert sig hæfari til starfa eða náms. Tveir telja þó svo ekki vera og einn er ekki viss.

Rúm 64% þeirra sem eru ekki í námi né í vinnu núna segjast geta hugsað sér að fara út á vinnumarkaðinn eða í skóla innan 12 mánaða byðist þeim slíkt. Tveir sjá sér það ekki fært og þrír eru ekki vissir.

Rúmlega 93% svöruðu síðustu spurningu könnunarinnar á þá leið að lífsgæði þeirra hefðu almennt breyst til batnaðar í meðferð með Tysabri. Einum fannst sér hafa versnað og annar er ekki viss en þeir eru þó báðir enn í meðferð.


Í lokin fengu svarendur að koma með sérstakar athugasemdir ef þeir vildu og nýttu flestir sér það. Margar gengu út á það sama – um nýtt og betra líf með auknum lífsgæðum. Athugasemdirnar voru m.a. þær að

Tysabri hafi gefið tækifæri til samfélagslegrar virkni, til að fara út á vinnumarkaðinn eða haldast inni á honum, til að fara í nám, sinna áhugamálum og líkamsrækt. Tysabri-þegar væru nú lausir við aukaverkanir eldri lyfja, þyrftu ekki lengur að sprauta sig sjálfir, sterameðferðum hefði fækkað eða væru alls engar og ekki þurfi lengur aðstoð utanaðkomandi. Lífsgæði og jákvæðni hefði aukist. Sama væri að segja um göngugetu og úthald. Lyfið væri kraftaverk. Flestar athugasemdirnar lutu þó að því að þeim fyndist að fleiri (allir/þeir sem lyfið gagnast) ættu að fá lyfið og að erfitt væri að vita af MS-sjúklingum sem ekki væru nú í þessari meðferð. Einnig kom fram að erfitt væri að sitja undir hræðsluáróðri talsmanna spítala og landlæknis sem kæmi í veg fyrir að lyfið væri notað meira en gert er og kæmi oft á tíðum röngum hugmyndum og óþarfa áhyggjum að hjá sjúklingum og aðstandendum þeirra.

Sjá má niðurstöður könnunarinnar á vefsíðu MS-félagsins. Ef nota á upplýsingar eða vísa til hennar vinsamlegast hafið samband við MS-félagið á netfangið [msfelag@msfelag.is](mailto:msfelag@msfelag.is) ■

# A.G. Sjávarafurðir hf.

Holtastíg 15 • 415 Bolungarvík



# Ísland leggur línurnar fyrir Evrópu

Viðtal: Páll Kristinn Pálsson

Árið 2006 ákváðu Evrópusamtök MS-félaga (EMSP) að framkvæma könnun á lífsgæðum MS-fólks í álfunni með það fyrir augum að móta metnaðarfullan viðmiðunarstaðal í þeim efnum. Sótt var um styrk frá Evrópu-sambandinu, sem fékkst, og valin sex lönd til að taka þátt í könnuninni: Ísland, England, Þýskaland, Spánn, Pólland og Rúmenía. Öll önnur lönd í Evrópu fylgjast með þótt ekki séu þau beinir þátttakendur. Könnunin er þannig gerð að ekki er hægt að rekja svörin til einstaklinganna, allar vísindalegar kröfur uppfylltar og öll tilskilin leyfi fengin.

„Það hefur tekið langan tíma að þoka þessu áleiðis,“ segir **Sverrir Bergmann** taugasérfræðingur sem haft hefur umsjón með könnuninni hér á landi. „Málið snýst um að fá yfirsýn yfir hvernig háttar meðferð og umönnun fólks með MS, bæði lækisfræðilega og félagslega.“

## Tveir spurningalistar

Sverrir segir þannig tvo spurningalista hafa verið lagða fyrir MS-sjúklinga. „Lækisfræðilegi listinn byggir á spurningum um hvernig sjúkdómur viðkomandi hafi gengið fyrir sig, hvort hann hafi fengið meðferð í köstum, hvort hann sé á fyrirbyggjandi lyfjum, hvort hann fái meðferð við einkennum á meðan þau standa yfir og hvort hann hafi komist í nauðsynlegar rannsóknir.

Félagslegi listinn lýtur að því hvernig einstaklingurinn metur sjálfur stöðu sína, hvort hann sé í sjúkrahjálfun eða annari meðferð, hvort hann þurfi aðstoð heima og hvað hann greiði fyrir hana, hvort það hafi þurft að breyta húsnæði hans, hvort hann noti hjálpartæki og hvað þau hafi kostað, hvort hann hafi legið á sjúkrahúsi, hvort hann hafi góðan aðgang að taugasérfræðingi og fleira í þessum dúr. Þetta leiðir í ljós hvort fólk sé nokkuð vanrækt, hvort það hafi nauðsynlegt aðgengi að þjónustunni. Svo taka læknar vissulega misjafnar ákvarðanir hvernig meðhöndlun skuli háttað, en fólk á ekki að vera úti í kuldunum.



Þessir listar voru ekki tilbúnir fyrr en í október 2008. Undirbúningur tók því tvö ár. Könnuninni á hins vegar að ljúka í haust og kynna niðurstöður núna í október 2009. Yfirlýstur tilgangur þessa er að vita hvernig aðstæður MS-fólks eru í Evrópu og þetta á að verða leiðbeinandi um það að allir sitji við sama borð, eða hafi sömu möguleika á að njóta þjónustu hvar sem þeir búa í álfunni. Á því er mikill munur eins og komið hefur á daginn.“

## Slæleg frammistaða hinna þjóðanna

En það er ekki aðeins undirbúningur könnunarinnar sem gengið hefur hægt, sjálf framkvæmdin hefur verið afar slæleg að sögn Sverris. „Ég var á fundi 20. febrúar síðastliðinn úti í Brussel og þá kom í ljós að Bretar hafa ekki sent inn einn einasta spurningalista. Það er eins og enginn hafi verið fylltur út, en 80 þúsund Bretar eru með MS. Á þessum tíma höfðu Þjóðverjar sent 98 lista, en þar eru 120 þúsund manns með MS. Þá vaknar spurningar um hvort þetta hafi einhverja þýðingu, og mun þetta verða svona áfram, 1-200 á ári, hvað er verið að gera?

Spánverjar eru komnir með 105 svör, en þar eru 40 þúsund manns með MS. Pólverjar höfðu sent inn 100 en þar eru 30 þúsund með MS. Í Rúmeníu er ekkert vitað um fjölda MS-fólks en áætlað að það séu um 20 þúsund og þaðan höfðu komið 125 svör, flest frá sama staðnum í Búkarest, sem er eini staðurinn í Rúmeníu þar sem fólk fær fyrirbyggjandi meðferð. Það er litið eftir því á einni stofnun, þannig að það gæti út eins og allir í Rúmeníu fái fyrirbyggjandi meðferð, sem er alls ekki tilfellið.

Ísland er alveg sér á parti í þessu og ég hef skrifað Evrópusamtökunum til umhugsunar að það sem er að koma fram hjá okkur sé hið raunverulega íslenska þýði MS-fólks, því við erum búin að fá yfir 300 svör. Við

maritech



THE WORLD OF friendtex

erum búin að fara í kringum landið, við þekkjum orðið til 380 núlifandi MS-sjúklinga, og vitum um svona 40 fleiri, svo þetta eru yfir 400 manns. Þessi hópur sem er umfram er aðeins óviss. Við höfum talið að um 10% séu hugsanlegir sjúklingar og þrátt fyrir betri rannsóknir er enn til þessi hópur sem við getum ekki verið viss um að sé með MS. Við erum núna komnir með 310 svör og fleiri eru á leiðinni þannig að ég er raunverulega búinn með um 80% allra sjúklinga. Og af því þetta er óvalið er þetta alveg orðið marktækt efni til úrvinnslu og menn líta þetta stórum augum úti í heimi.“

## Staðallinn íslenskur

„Hérna er að verða til vitneskja um heila þjóð, svo það má vel vera að við verðum þeir sem búa til staðallinn. Ég sé ekkert að þetta muni miða neitt áfram hjá hinum,“ segir Sverrir. „Ég ætti kannski ekki að vera að fullyrða mikið, en mér finnst samt, og ég er búinn að vera svo lengi í þessu, bráðum 45 ár, að þessi sjúkdómur sé orðinn eitthvað mildari en áður.“

Hefur það ekki verið sagt um MS á Íslandi?

„Jú, það er rétt en það er vegna þess að menn hafa ekki þekkt þetta nógu vel í öðrum löndum. Í stóru löndunum þekkja menn bara erfiðu tilfelli, ekki hin mildari. Við John Benedikz höfum skrifað um þetta áður og það var dregið í efa af mörgum kollegum okkar í útlöndum. Það er vegna þess að hin mildari tilvik fara jafnvel aldrei til sérfræðinganna þar úti. Fólk fær ekki örugga greiningu. Svo vel getur verið að þetta sé líkt okkur hjá öðrum þjóðum, en það er bara ekki vitað.“

Mér finnst núna – og hef haft á tilfinningunni lengi – að myndin hafi nokkurn veginn verið þannig að tveir af hverjum tíu fái illskeytta útgáfu af MS, þannig að innan fimm ára eru þeir lagstir í kör og jafnvel dánir. En þetta sér maður ekki lengur.

Af hinum átta sem eftir standa eru fjórir sem fá köst, jafna sig býsna vel, sitja eftir með tiltölulega litla fötlun og svo á miðjum aldri, 45 – 55 ára, þá er eins og sjúkdómurinn hverfi, eða brenni út. Ef þetta fólk hefur ekki setið eftir með erfið einkenni frá yngri árum er það bara í ágætu standi á seinni hluta ævinnar. Það er helst að fólk kvarti undan þreytu.

Svo koma þrír, þar sem allt í einu fer að halla undan fæti á miðjum aldri og það nokkuð í orðsins fyllstu merkingu, því það eru fæturnir sem fara að gefa sig. Þetta sér maður ennþá, en það er eins og það gerist seinna á ævinni en áður.

Loks er alltaf einn af hverjum tíu sem fær greiningu seint og það eru aldrei nein köst heldur sígur fólk strax niður á við, helst með máttleysi í fótunum.“



Sverrir Bergmann: „Peningaspursmál hvenær allir sem gætu haft gagn af Tysabriinu fái það.“

## Betri meðferðarúræði

Er hugsanlegt að sjúkdómurinn sjálfur sé eitthvað að breyst?

„Því er hægt að svara bæði með jái og nei, að ég tel. En það er líka spurning hvort þetta birtist svona vegna þess að fólk fær sífellt betri meðferð í köstunum, það er sterana. Þeir lækna ekki en draga vissulega úr bólgunni og skilja fólk eftir í betra standi. Það getur bæði þýtt minni fötlun og að þessi seinni síversnun, sem við kunnum ekki alltaf að skýra, verður síður. Auk þess fær fólk margs konar fyrirbyggjandi meðferð við ákveðnum einkennum, það skapar líka betra líf og þetta getur allt átt sinn þátt í því að ástandið hefur batnað.“

Svo er það líka spurningin um gagnsemi fyrirbyggjandi meðferða. Þá erum við að tala um interferon-lyfin og copaxone, hafa þau þrátt fyrir allt verið að gera eitt-hvert gagn þó að í könnunum sé virknin á bilinu 3 – 5 af 10? Þetta eru spurningar sem við þurfum að svara, því þótt þau lyf hafi aðeins verið í notkun í um 15 ár hér á landi má ekki kasta rýrð á þessa meðferð. Við tölum oft um þetta sem hættulausa meðferð, það er að vissu leyti rétt, en aukaverkanir eru allnokkrar sem hafa leitt til þess að meðferðarheldnin er slæm, margir sleppa að sprauta sig annað slagið og það er ekki gott.“





## Tysabri

Og svo er Tysabrið komið ...

„Já, svo er það Tysabrið. Því miður hefur verið mjög vitleysisleg umræða í gangi um það að undanförmu, jafnvel meðal kollega okkar læknanna. Það er enginn að blekkja, allir vita að þetta lyf lækna ekki MS, en það eigum við lækna að skilja að sá sem er veikur leitar lækningar og hann kys stundum að túlka hlutina svolítið óraunhæft.

Allir sem til þekkja vita að Tysabri er besta fyrirbyggjandi lyf sem völ er á gegn MS-sjúkdóminum. Enn eru þó ýmsar spurningar því tengdar. Við vitum til dæmis ekki hvað á að gefa það lengi. Dugar að gefa það í tvö ár eða þrjú ár? Og hvað endast áhrif þess lengi? Eigum við að gefa það áfram ef sjúkdómurinn tekur á sig breytta mynd? Við höfum því miður ekki svör við þessum spurningum. Sú reynsla er einfaldlega ekki fengin.

En það sem liggur fyrir er að Tysabri virkar á 8 af hverjum 10. Þá má vera að það virki á 9 en þessi eini til viðbótar fær ofnæmi og þar með er lyfið úti. Það er bara einn af hverjum tíu sem myndar mótefni og þá er lyfið óvirkt í líkamanum. Áhrifin á þessa 8 af hverjum 10 þýða að köstin hverfa nánast alveg og síversnunin lætur bíða eftir sér. Svo er mikilvægt að almenn einkenni eins og þreyta og verkir, sem oft er lítið talað um, geta alveg horfið svo lífsgæðin gjörbreytast.

Virgni lyfsins er hægt að skýra með mjög einföldum hætti. Við þekkjum að það verður eitthvert áreiti á slíðrin kringum taugaþræðina – hvort það er veira eða kveikt sjálfsónæmi vitum við ekki – og það myndast bólga, sem kallar eftir hvítum blóðkornum um að eyða sér og bólgan skilur eftir sig skemmdir sem geta haft í för með sér MS-einkenni. Þessi svörun verður ekki með notkun Tysabris. Hvítu blóðkornin komast ekki á vettvang, því þau þurfa að festast við frumur í æðavegg háraða til að komast í gegn og Tysabrið hindrar þá samloðun. Það er því ekkert skrítið að undanfarin misseri hefur orðið skyndileg og mikil aukning í notkun á þessu lyfi í heiminum.“

## Peningaspursmál

Hvað með aukaverkanir Tysabris?

„Þær eru litlar. Sú þekktasta er örlítill hætta á heilabólgu og hin örfáu dauðsföll urðu þegar það var notað með interferónlyfjunum. Núna er Tysabri bara notað eitt og sér, það má ekki gefa það með öðrum MS-lyfjum.

Síðast þegar ég vissi höfðu 5 veikst af heilabólgu af 50 þúsundum notendum, svo það hlýtur að teljast afar sjaldgæft, en heldur ekki hægt að ganga alveg fram hjá því. En áhættan ekki mikil í augum sjúklinga. Svo er því ekki að leyna að það er haldið áfram að þróa önnur fyrirbyggjandi lyf, en þau eru á sömu línu og Tysabrið ef svo má segja.“

Af hverju fá ekki allir MS-sjúklingar Tysabri sem þess óska?

„Ég tel hreinlega peningaspursmál hvenær allir sem gætu haft gagn af Tysabriinu fái það. Þetta er mín faglega skoðun. Það hefur verið talað um aðstöðuleysi, en ég tel ekki svo vera í raun. Það þarf að vera fyrir hendi aðstaða til að bregðast við bráðafnæmi, en reynslan hefur sýnt að ef einstaklingur fær það gerist það í fyrstu fjórum skiptum sem hann fær lyfjagjöfina. Og þess vegna er hægt að gefa það annars staðar en á Landspítalanum eftir fjögur skipti. Sjúkrahúsin á Akureyri, í Vestmannaeyjum og á Suðurnesjum eru líka það góð að hægt væri að hefja lyfjagjöfina á þeim. Enda er þar verið að gefa lyf, svo sem við krabbameini, þar sem áhættan er alveg jafn mikil á bráðafnæmi og með Tysabriinu,“ segir Sverrir Bergmann, og spurður um hvenær von sé á niðurstöðum úr könnun hans á lífsgæðum MS-fólks á Íslandi, svarar hann:

„Þetta er einhver viðamesta könnun sem farið hefur fram á aðstæðum MS-sjúklinga og ég hef hugsað mér að birta fyrstu niðurstöðurnar í haust. Síðan held ég áfram að vinna við hana, fá fleiri sjúklinga til að taka þátt í henni, helst þangað til allir hafa svarað. Ég mun leggja niðurstöðurnar fyrst fyrir Evrópusamtökin með fyrirlestri og síðan birta greinar bæði hér heima og erlendis.“ ■



### Þegar spurt er um hitakerfi er svarið:

#### “Já, Danfoss er með lausnina fyrir þig”

Við höfum í áratugi verið leiðandi í framleiðslu stjórnbúnaðar fyrir hitakerfi og séð notendum um allan heim fyrir búnaði og lausnum, sem gerir líf þeirra þægilegra.

Við erum eini framleiðandinn á markaðinum sem sérhæfir sig í framleiðslu stjórnbúnaðar ásamt varmaskiptum og tengigrindum fyrir hitakerfi.

Við leggjum metnað okkar í að finna réttu lausnirnar fyrir viðskiptavinum okkar - hverjar sem stærðirnar, þarfirnar eða kröfurnar kunna að vera.

Danfoss stjórnbúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins  
Danfoss hf. • Skútuvogi 6 • 104 Reykjavík • Sími: 510 4100 • vefang: [www.danfoss.is](http://www.danfoss.is)

*Danfoss*

# Verðþróun MS-lyfja miðað við lyfjaverð í mars-maí 2009

Lyf	Mars 2009	Apríl 2009	Lækkun f.f.m.	Maí 2009	Hækkun f.f.m.
Tysabri	4.659.902	3.661.502	-21%	4.090.112	12%
Avonex	2.333.357	2.022.007	-13%	2.257.424	12%
Copaxone	2.062.775	1.990.703	-4%	2.234.908	12%
Rebif 22 mcg/spr	1.937.819	1.773.499	-9%	2.047.981	16%
Rebif 44 mcg/spr	2.513.784	2.300.038	-9%	2.657.135	16%
Betaferon	2.776.910	2.541.266	-9%	2.934.945	16%
Meðaltal eldri lyfja	2.324.929	2.125.503	-9%	2.426.479	14%

Lækkun milli mars og apríl vegna samninga við lyfjafyrirtækin

## Verðmunur á Tysabri vs. meðalverð eldri lyfja

Mars 2009 100%

Apríl 2009 72%

Maí 2009 69%

Mjög jákvæð þróun. Á þremur mánuðum hefur verðbilið milli lyfjanna minnkað um 31 prósent, auk þess sem verðið hefur lækkað um u.þ.b. 570 þúsund á ársgrundvelli miðað við lyfjaverð 1. maí 2009.



HS ORKA HF



Hjálparmótor með stýripinna.  
Einfaldur í notkun.  
Er í samning við Sjúkratryggingar Íslands

Trönuhrauni 8 Hafnarfjörður Sími 565 2885 Fax 565 1423 stod@stod.is www.stod.is

Fjallabyggð



Grand  
HÓTEL  
REYKJAVÍK

Hársnyrtistofan  
Adagio  
S: 568 5555

Höfðavélar ehf.

# Aukaverkanir MS-lyfja

	Mjög algengar aukaverkanir	Algengar aukaverkanir
<b>Tysabri</b>	Engar skráðar	Þvagfærasýking • Eymsli í kverkum og nefrennsli eða nefstífla • Skjálfti • Útbrot með kláða (ofsakláði) • Höfuðverkur • Sundl • Flökurleiki (velgja) • Uppköst • Liðverkir • Sótthiti • Þreyta
<b>Avonex</b>	Flensulík einkenni – höfuðverkur, vöðvaverkir, kuldahrollur eða hiti • Höfuðverkur.	Lystarleysi • Slappleika- og þreytutilfinning • Svefnörðugleikar • Þunglyndi • Andlitsroði • Nefrennsli • Niðurgangur ( <i>linar hægðir</i> ) • Ógleði eða uppköst • Dofi eða stingir í húð • Útbrot, mar á húð • Aukin svitamyndun, nætursviti • Verkir í vöðvum, liðum, handleggjum, fótleggjum eða hálsi • Vöðvakippir, stirðleiki í liðum og vöðvum • Verkur, mar og roði á stungustað • Breytingar á blóðprufum. • Einkenni sem hugsanlega verður vart við eru þreyta, endurtekin sýking, óútskýranlegt mar eða blæðing.
<b>Betaferon</b>	Flensulík einkenni • Kölduhrollur • Sótthiti • Viðbrögð á stungustað • Bólga á stungustað • Verkur á stungustað	Húðrof og vefjaskemmdir ( <i>drep</i> ) á stungustað
<b>Copaxone</b>	Viðbrögð í húð á stungustað, m.a. hörundsroði, verkur, þykkildi, kláði, bjúgur bólga og ofnæmisviðbrögð á stungustað. • Meltingartruflanir. Ógleði. • Almennar aukaverkanir: Þróttleysi, brjóstverkur, óskilgreindir verkir. • Sýkingar: Sýkingar, flensulík einkenni. • Stoðkerfi: Liðverkir eða bakverkir. • Taugakerfi: Höfuðverkur. • Geðræn vandamál: Kvíði, þunglyndi. • Húð: Útbrot.	Blóð: Eitlastækkarnir. • Hjarta: Hraðsláttur, hraður og þungur hjartsláttur (hjartsláttarónot). • Eyru: Einkenni frá eyrum. • Augu: Einkenni frá augum, tvísýni. • Meltingarfæri: Óþægindi í endaparmi, hægðatregða, tannáta, meltingartregða, kyngingartregða, hægðaleki, uppköst. • Almennar aukaverkanir: Hrollur, staðbundin viðbrögð, vökvasöfnun, ökklabjúgur, bjúgur í andliti, hár hiti, vefjarýmun undir húð á stungustað. • Ónæmiskerfi: Ofnæmisviðbrögð. • Sýkingar: Öndunarfærasýkingar, magasýkingar, eyrnasýkingar, nefrennsli, áblástur, tannrótarkýli, sveppasýking í leggöngum. • Lifur og gall: Óeðlilegar niðurstöður blóðrannsóknna á lifur. • Efnaskipti: Þyngdaraukning, lystarleysi. • Stoðkerfi: Verkur í hálsi. • Æxli, góðkynja og illkynja (einnig blöðrum og separ): Ofvöxtur í húð og vefjum. • Taugakerfi: Breytingar á bragðskyni, óeðlileg spennu í slagæðum eða vöðvum, migreni, taltruflanir, yfirlið, skjálfti. • Geðræn vandamál: Taugaóstyrkur. • Nýru: Skert geta til að tæma blöðruna, bráð þörf fyrir að tæma blöðruna, tíð þvaglát. • Öndunarfæri: Hósti, frjókornaofnæmi. • Húð: Mar, aukin svitamyndun, kláði, ofsakláði og önnur húðvandamál.
<b>Rebif</b>	Flensulík einkenni s.s. höfuðverkur, hiti, hrollur, vöðva- og liðverkir, þreyta og ógleði • Þunglyndi	Erting á stungustað getur átt sér stað, s.s. roði, bólga, aflitun, bjúgur, sársauki og fleiður • Niðurgangur • Lystarleysi • Uppsölur • Svefntruflanir • Svimi • Taugaóstyrkur • Kláði • Útbrot • Ofsakláði • Hárlos • Útvíkkun æða og hjartsláttarónot • Óregla og/ eða breytingar á tíðablæðingum og • Alvarleg viðbrögð í húð og slímhúð.



Sjaldgæfar aukaverkanir	Mjög sjaldgæfar aukaverkanir
Alvarlegt ofnæmi	Óvenjulegar sýkingar (svokallaðar „tæki-færissýkingar“) • PML-heilabólga (ágeng fjölbreyttra innlyksuheilabólga), mjög sjaldgæf sýking í heila
Hárlos • Breytingar á mánaðarlegum tíðum • Brunatilfinning á stungustað.	Öndunarörðugleikar
<p>Hugsanleg fækkun hvítra og rauðra blóðkorna og blóðflagna (sem hjálpa blóðinu að storkna), • Þungflyndi, • Blóðþrýstingshækkun, • Ógleði, • Uppköst, • Breytingar á lifrarprófum (styrkur ensíma sem lifrin framleiðir hækkar í blóði), • Þroti eða kláði í húð eða slímhúð (<i>ofsakláði</i>), • Útbrot, • Kláði, • Hárlos í hársverði, • Verkir í vöðvum, • Stirðleiki í vöðvum.</p>	<p>Bólgnir eitlar, • Alvarleg ofnæmisviðbrögð, • Skjaldkirtillinn vinnur ekki rétt (of mikið eða of lítið af hormóni myndast), • Viss tegund blóðfitu (<i>þriglýseríðar</i>) kann að aukast, sjá „Hvers þarf að gæta þegar Betaferon er notað“ (kemur fram á blóðprófum), • Alvarlegt lysterleysi sem leiðir til þyngdartaps, • Ringlun, • Kviði, • Hverflyndi, • Tilraun til sjálfsvígs, • Krampaflog, • Sjúkdómur í hjartavöðva (<i>hjärtavöðvakvilli</i>), • Örari hjartsláttur, • Óreglulegur sláttur eða taktur hjarta (<i>hjártláttarónot</i>), • Skyndileg mæði (<i>berkjukrampi</i>), • Mæði (<i>andnaud</i>), • Brisbólga • Sérstakt lifrarsím (gamma-GT) kann að aukast og rauðgult litarefni (bilirúbín) sem er framleitt af lifur kann að aukast (þetta sést á blóðprófum), • Lifrabólga, • Aflitun húðar, • Tíðatruflanir, • Brjóstverkir, • Slappleiki, sviti, • Þyngdartap.</p>
<p>Blóð: Breyting á fjölda eða lögun hvítfrumna, fækkun blóðflagna, miltisstækkun. • Hjarta: Aukaslög, hægur eða hraður hjartsláttur. • Innkirtlar: Stækkaður eða ofvirkur skjaldkirtill. • Augu: Ský á augasteini, skrámur á auga, augnþurrkur, blæðing í auga, sig á augnloki, víkkun ljósops, óeðlileg sjón eða sjónskerðing. • Meltingarfæri: Garna- og ristilbólga, separ í ristli, ropi, sár í vélinda, bólga í tannholdi, blæðing frá endaparmi, stækkun munnvatnskirtla. • Almennar aukaverkanir: Blöðrumyndun, timburmenn, óeðlilega lágur líkamshiti, óskilgreind bólga, vefjaskemmdir á stungustað, einkenni frá slímhúðum. • Sýkingar: Ígerð, graftarkýli, sýking í húð eða í nýrum, ristill. • Áverkar og eitranir: Þreyta eftir bólusetningu. • Lifur og gall: Gallsteinar, lifrarstækkun. • Efnaskipti: Lítið áfengisþol, þvagsýrugigt, of mikil fita (lípíð) í blóði, breytingar á blóðgildum (hækkað natríum, lækkað ferrítín). • Stodkerfi: Þroti í liðum (liðagigt eða slitgigt), minnkaður vöðvamassi. • Æxli, góðkynja og illkynja: Húðkrabbamein. • Taugakerfi: Dofi og verkir í höndum, geðræn einkenni, flog (krampar), skert rit- og lesgeta, vöðvakrampar, lækkuð vöðvaspenna, taugabólgur, máttleysi í vöðvum, lömun, augnblik (sjóntruflanir), ristarbeygjulömun, skert meðvitund (hugstol), blindir blettir á sjónsviði. • Meðganga: Fósturlát. • Geðræn vandamál: Óeðlilegar draumfarir, rugl, óeðlileg vellíðan eða virkni, ofskynjanir, árásgirni, persónuleikabreytingar, sjálfsvígstilraunir. • Nýru: Blóð í þvagi eða önnur einkenni frá þvagfærum, nýrnasteinar. • Æxlunarfæri: Þroti í brjóstum, standþína, ristuflanir, líffærasig í grindarholi, einkenni frá leggöngum, blöðruhálskirtli eða eistum, blæðingar frá leggöngum, óeðlilegt leghálsstrok. • Öndunarfæri: Einkenni frá lungum, þrengslatilfinning í hálsi, öndunarerfiðleikar, óeðlilega hröð eða djúp öndun (ofuröndun), blóðnasir. • Húð: Háræðabólga, snertiofnæmisútbrot, þykkildi í húð, rauð og aum þykkildi í húð. • Æðar: Æðahnútar.</p>	Veruleg ofnæmisviðbrögð.
Drep, auk ósérvirkrar ertingar • Of- eða vanstarfsemi skjaldkirtils	Alvarleg ofnæmisviðbrögð frá lifrabólgu.

Viðtal: Páll Kristinn Pálsson

Sandra Þórisdóttir er að verða 25 ára gömul. Hún á heima í Hafnarfirði ásamt foreldrum og tveimur yngri systkinum. Þau hafa búið þar í tæp níu ár, en annars eru þau úr Hrunamannahreppi. „Foreldrar mínir voru bændur svo ég er alin upp í sveit,“ segir Sandra þegar við hittumst á Sléttuveginum fyrir skömmu. „Það var mjög gaman og mikil viðbrigði að flytja úr sveit í borg. Þá var ég sextán ára og hóf nám við fjölbrautaskólann Flensborg í Hafnarfirði.“



Sandra Þórisdóttir.

Sandra glímir við annan langvarandi sjúkdóm sem hún fékk áður en hún kynntist MS. „Ég fékk heilæxli þegar ég var lítil,“ segir hún. „Það er af svo sjaldgæfri tegund að ég er eina tilfellið á landinu og við erum aðeins nokkur tilföllin á Norðurlöndunum. Vegna þess þurfti ég að gangast undir aðgerð fimm ára gömul þar sem æxlið var fjarlægð og 6 vikna geislameðferð í framhaldi af því. Heiladingullinn er óvirkur og til að halda allri líkamstarfsemi gangandi hef ég þurft að taka inn 5-7 tegundir af lyfjum daglega og þar af eitt í sprautuformi.“

## MS-greiningin

Svo var það um vorið 2004, þegar Sandra var að klára stúdentstrófið, að hún fór að finna til mikillar þreytu. „Ég þurfti að sofa mjög mikið og úthaldið var ekkert. Í fyrstu var haldið að lyfin sem ég er á væru ekki að virka sem skyldi. Ég var hins vegar ekki undir miklu álagi í prófunum, þótt vissulega væri hin klassíska spennan í gangi um hvort ég næði að útskrifast. Síðan er það ekki fyrr en haustið 2005 að ég fæ doðatilfinningu vinstra megin í líkamanum. Þá sendir sérfræðingurinn minn mig til kollega síns, Martin Grabowski heila- og taugasérfræðings. Martin grunaði strax hvað væri á seyði en vildi samt ekki slá því föstu að þetta væri MS að svo stöddu, því stundum fær fólk eitt kast og síðan ekkert meira.

Snemma sumars 2006 fékk ég kast og missti allan mátt í hægri hendinni. Máttleysið færðist niður í hægri fótinn, þá var ég sett í sterameðferð og er þá greind af Martin með MS eftir að hafa farið í gegnum víðeigandi rannsóknir. Sumarið 2007 fæ ég aftur kast sem var lönun vinstra megin í líkamanum. Þá fór ég líka í sterameðferð sem virkaði mjög vel og gekk kastið að öllu til baka. Síðan hef ég ekki fengið neitt kast að ráði. Ég er ekki á neinum fyrirbyggjandi lyfjum, en tek modiodal við þreytunni, sem virkar mjög vel.“

## Eins og hvert annað hundsbit

Er talið að einhver tengsl séu á milli MS og þess sem þú varst búin að ganga í gegnum áður?

„Nei, ekki vilja lækarnir meina það.“

Hvernig var að fá annan sjúkdóm að glíma við?

„Ég tók þessu bara eins og hverju öðru hundsbiti. Þetta var dálítið sjokk í byrjun, en svo hef ég bara hætt að spá í það. Ég lít ekki á mig sem sjúkling og hef aldrei gert. Ég vissi lítið um MS þegar ég greindist. Mamma var mjög dugleg að lesa sér til um sjúkdóminn en ég vildi það síður. Mig langaði helst ekki að vita hvað gæti átt eftir að gerast. Ég setti þetta bara á bakvið eyrað, ef svo má að orði komast.“

Slíkt er oft kallað afneitun, ekki satt?

„Jú, ætli ég hafi ekki bara farið í afneitun. Ég hef hins vegar alltaf hlustað á líkamann, hvíli mig vel og er mjög skipulögð.“

Hvað gerðirðu eftir stúdentstrófið?

